

Fundargerð 2. fundar skólaráðs Bláskógaskóla í Reykholti, haldinn í bókasafninu í Reykholti fimmtudaginn 11. janúar kl. 15.00

Mætt: Agla Þyri Kristjánsdóttir (fulltrúi kennara), Hildur Ósk Sigurðardóttir (fulltrúi foreldra), Ásborg Arnþórsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélags), Margrét S Kristinsdóttir (fulltrúi nemenda), Gústaf Sæland (fulltrúi nemenda), Herdís Friðriksdóttir (fulltrúi foreldra), Kristín Hreinsdóttir (skólastjóri), Ásta Kristjana Guðjónsdóttir (fulltrúi kennara) og Guðný Rósa Magnúsdóttir (fulltrúi starfsmanna).

Kristín bauð fundargesti velkomna og sérstaklega Ásborgu, sem situr sinn fyrsta fund sem fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði.

1. Skólareglur Bláskógaskóla í Reykholti

Kristín sagði frá að skólareglur væru nú tilbúnar, fór yfir fyrirkomulag nemendapings sem var haldið var á haustönn þegar semja átti skólareglur og vinnu við skólareglur í kjölfarið. Tillögur nemenda voru nýttar þegar skólareglur voru settar saman, ásamt niðurstöðum tveggja vinnuhópa kennara. Margrét og Gústaf fannst fyrirkomulagið gott og fannst hafa verið tekið mark á athugasemdum nemenda.

Viðurlög við brotum á skólareglum fara eftir lögum og reglum landsins. Kristín fjallar sérstaklega um viðurlög við símanotkun í skólanum. Gústaf finnst kennarar ekki taka þessari símareglu nógu alvarlega þó hún sé núna skrifleg. Kristín útskýrði viðurlög við brot á símareglum sem eru þau að nemandi og síma er vísað til skólastjóra, en þar er m.a. tekið tillit til álits umboðsmanns barna um að ekki sé heimilt að taka síma af börnum í skólanum. Kristín lýsti yfir ánægju með nýju skólareglurnar og viðurlögum við þeim, en tók fram að þær yrðu endurskoðaðar reglulega. Hildi, Ásborgu og Herdísu leyst mjög vel á skólareglurnar og Hildur lýsti ánægju sinni með viðurlögin.

2. - 4. Áfalla-, rýmingar- og eineltisáætlanir

Kristín kynnti breytingar á áfallaáætlun, en um er ræða minniháttar breytingar í takt við breytingar í samfélaginu.

Eineltisáætlun var breytt lítillega. Aðlagð að því að nú er skólinn orðin sjálfstæð eining og ART-þjálfun fastur hluti af kennslu og stefnu skólans. Kristín útskýrði innleiðingu ART þjálfunar, fjölda starfsmanna með réttindi til að þjálfar ART og hvernig ART kennslunni verður háttað á næstu misserum. Gústaf lýsti ánægju sinni með ART áætlun skólans og telur það styðja vel við einstaklinginn innan og utan skólans. Stefnt er að því að allir fái ART þjálfun einu sinni á yngsta, einu sinni á miðstigi og 1 sinni á elsta stigi, auk þess sem þjálfun er viðhaldið á milli námskeiða.

Rýmingaráætlun: Rýmingaráætlun var endurskoðuð, en litlar breytingar gerðar á henni. Sigríður Jónsdóttir kennari er öryggisfulltrúi skólans og mun sjá um rýmingaræfingu nú í janúar. Skólinn vel merktur, skilti í stofum sem sýna hvert á að fara ef voða ber að höndum.

5. Vetrarleyfi

Nú er samræmt vetrarleyfi í skólunum á Laugarvatni og í Reykholti. Skóladagatal milli Kerhólsskóla og Reykhólts hefur ekki verið samræmt og hefur það valdið nokkrum óþægindum. Kerhólsskóli vill senda unglíngastigið áfram í valgreinar í Reykholt á næsta ári og er ánægja með valið meðal nemenda.

Gústaf spurði hvort það sé einhver einangrunarstefna að draga unglínga Kerhólsskóla út úr skólanum í Reykholti.

Kristín óskar eftir að heyra í foreldrum um viðhorf þeirra til vetrarleyfa. Agla þyri ræddi að skólarnir í kring samræma ekki vetrarfrí og það sé bagalegt því þá eru ekki allir nemendur í sömu fjölskyldunni í vetrarleyfi á sama tími og því nýtist fríð síður til ferðalaga. Herdís spyr hvort hægt sé að samræma þetta. Kristín er búin að ræða við skólastjórnendur í Kerhólsskóla um samræmingu skóladagatala og verður það skoðað við gerð næsta skóladagatals. Í skólanefnd var ákveðið að hafa samræmi milli Bláskógaskóla Laugarvatni og í Reykholti. Kristín lagði til að málið yrði rætt á foreldrafundi og foreldrafundur ályktaði um málið. Ásborg styður það.

Kristín lagði til að unnið verði að einhverri niðurstöðu í þessu og málið tekið aftur upp á næsta skólaráðsfundi.

6. Breytingar á skólahaldi: Lenging skólavikunnar fyrir 1. – 4. bekk næsta skólaár

Breytingin var samþykkt í skólanefnd og sveitastjórn búin að samþykkja. Nú þarf að skoða hvernig standa eigi að breytingunni, hvort á að hafa tvöfaldan skólaakstur einhverja daga eða bjóða upp á frístundastarf/skólasel svo allir nemendur verði samferða heim. Kristín kallaði eftir hugmyndum foreldra um hvað þau vilji að tíminn verði nýttur í ef ákveðið er að bjóða upp á frístundastarf/skólasel.

7. Starfsmannahandbók

Kristín sýndi fyrstu drög að starfsmannahandbókinni. Það er að finna áætlanirnar sem fjallað var um í lið 2-4, lýsing á störfum og hlutverkum starfsmanna, viðveru, starfsmannastefnu o.fl.

Aukin viðvera kennara var rædd. Hún hefur m.a. verið nýtt til að vinna í þróunar- og námsmatsverkefnum, undirbúning þemadaga, símenntunar, aukins samstarfs kennara, ásamt almennum undirbúningi fyrir kennslu. Undirbúningur þemadaga gekk vel og reyndist vel að allir voru á sama stað á sama tíma. Margréti fannst gaman á þemadögum.

Unnið er eftir símenntunaráætlun þar sem verið er að vinna að námsmati og fjölbreyttum kennsluháttum. Sigurjón félagsráðgjafi kom á fund og upplýsti kennara um barnavernd og fjallaði um barnaverndarmál. Agla velti því upp hvort skólinn eigi ekki að senda bréf heim þar sem foreldrar eru upplýstir um tilkynningaskyldu kennara til barnaverndar. Ásborg styður þá hugmynd. Ásta stingur upp á því að foreldrafélagið bjóði upp á fund með Sigurjóni félagsráðgjafa.

8. Fjárhagsáætlun 2016

Kristín kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð á miðju ári þegar reynsla verður komin á rekstur skólans sem einnar stofnunnar.

Fundi slitið kl. 16.55

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, ritari.